



## RANGÁRÞING EYSTRÁ

# Reglur um leikskólavist utan lögheimilssveitarfélags.

### 1.gr.

#### *Almennt*

Rangárþing eystra á og rekur Leikskólann Örk á Hvolsvelli. Hann þjónar börnum í austanverðri Rangárvallasýslu og nær frá Jökulsá á Sólheimasandi í austri að Eystri Rangá í vestri. Sveitastjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd sveitastjórnar. Í byggingu er nýr 8 deilda leikskóli sem er áætlað að verði tekinn í notkun árið 2023. Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknarinnar

### 2.gr.

#### *Skilyrði*

Leikskóladvöl utan Rangárþings eystra er einungis veitt ef barn, tímabundið vegna náms eða þingmennsku foreldra fjarri lögheimili, þarf á leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi að halda eða ef barn er ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Grundvallist umsókn ekki á neinu framangreindra atriða, skal hún engu að síður metin á málefnalegan hátt í sveitarstjórn Rangárþings eystra með hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi, en haft í huga að um undantekningu er ræða verði umsókn samþykkt af öðrum ástæðum en getið er.

Samþykki Rangárþing eystra leikskóladvöl barns sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi er það ávallt bundið þeim skilyrðum að:

- Lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki kostnaðarþátttöku.
- Aðstæður í leikskólanum leyfi tímabundna fjölgun barna.
- Umsókn ásamt samþykki lögheimilissveitarfélags liggi fyrir áður en leikskóladvöl hefst.



## RANGÁRÞING EYSTRÁ

### 3.gr.

#### *Umsókn um kostnaðarþáttöku*

Umsókn um kostnaðarþáttöku Rangárþings eystra vegna tímabundinnar leikskóladvalar barns í öðru sveitarfélagi skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns. Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:

- a) Umsóknareyðublað sem finna má á [hvolsvollur.is](http://hvolsvollur.is)
- b) Greinargerð um ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Þar skal einnig koma fram hvað sótt er um til langs tíma.
- c) Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi þar sem leikskóladvöl viðkomandi barns er samþykkt. Sveitarstjóra er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og /eða forsjáraðila.

### 4.gr.

#### *Greiðsla*

Samið skal fyrirfram um tímabundna leikskóladvöl og skal greiðsla vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem endurskoðuð er árlega. Miðað skal við 6 mánaða dvöl með möguleika á framlengingu í allt að 6 mánuði. Greiðslur vegna leikskólakostnaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði sem barn er í leikskóla nema sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á.

### 5.gr.

#### *Annar kostnaður*

Í gjaldi skv. 4. gr. er falinn allur almennur leikskólakostnaður, þ.m.t. vegna húsnæðis. Ef um er að ræða viðbótarkostnað vegna sérþarfa barns, svo sem vegna breytinga á húsnæði eða annarrar sértækrar þjónustu, skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um leikskóladvöl barns milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags, svo og um annan kostnað sem er sannanlega umfram greiðslur skv. 4.gr. Athygli er vakin á því að ef barn stundar nám í leikskóla þar sem gjöld eru af einhverjum ástæðum hærri en gengur og gerist, þá er niðurgreiðsla Rangárþings eystra samt sem áður miðuð við viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og það er hverju sinni.



## RANGÁRÞING EYSTRÁ

### 6.gr.

#### *Ágreiningur um kostnaðarþáttöku*

Komi upp ágreiningur um leikskóladvöl barns, þ.m.t. greiðslur vegna leikskóladvalar, sem sveitarfélög geta ekki leyst sín á milli, er hægt að vísa ágreiningi til sérstakrar þriggja manna nefndar sem skipuð er af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skilyrði þess að nefndin taki mál til umfjöllunar er að báðir deiluaðilar verði sammála um að vísa því til hennar til umsagnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2021

Lilja Einarsdóttir  
sveitarstjóri